



Lagt fyrir fund velferðarráðs 3. apríl . 2014

Tillaga að áfangaskiptri áætlun um uppbyggingu á sértæku húsnæðisúrræðum fyrir fatlað fólk vegna stöðu umsókna á biðlista

Áfangaskipt áætlun fyrir sértæk húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk tekur mið af því að einstaklingar með miklar og sértækar þjónustuþarfir fái tilboð um búsetu og þjónustu innan búsetukjarna. Um er að ræða 28 einstaklinga, þar af 5 börn. Áætlaður árlegur rekstrarkostnaður þegar öllum framkvæmdum er lokið er um 520,6 m.kr. Allir útreikningar eru á verðlagi janúar mánaðar árið 2014 og munu taka breytingum í samræmi við þróun vísitölu.

Forsaga

- Í febrúar 2013 var lagt fram minnisblað í velferðarráði vegna niðurstöðu kortlagningar Velferðarsviðs á umsóknum um sértæk húsnæðisúrræði og bráðamál.
- Málinu var fylgt eftir í borgarráði og svo velferðarráði þar sem Velferðarsviði var falið að gera tillögu að áfangaskiptri áætlun um uppbyggingu búsetuúrræða. Áætlun skal byggja á fyrirbyggjandi greiningu og forgangsröðun í samræmi við brýnustu þarfir. Áhersla var lögð á að Velferðarsvið tæki upp viðræður um hlutdeild borgarinnar úr Jöfnunarsjóði m.a. til þess að standa straum af kostnaði viðkomandi þjónustuúrræða.
- Umfjallanir og bókanir borgarráðs og velferðarráðs eru að finna í fylgiskjali nr. 1. En umrætt mál hefur verið rætt á fundum:
 - velferðarráðs 7. febrúar 2013
 - borgarráðs 28. febrúar 2013
 - velferðarráðs 28. febrúar 2013
 - velferðarráðs 21.mars 2013

Forsendur

- Velferðarsvið leggur ríka áherslu á að þjónustukeðja sviðsins sé skilvirk og mun umrædd tillaga veita einstaklingum, sem eru á biðlista eftir húsnæði, búsetu og um leið er mögulegt að koma til móts við einstaklinga sem eru á biðlista eftir þjónustu, s.s stuðningsþjónustu og skammtíamavistun fyrir börn.
- Þá er lögð áhersla á að koma einnig á móts við þjónustuþarfir einstaklinga með minni eða almennari þjónustuþarfir á annan hátt s.s. almennt félagslegt leiguhúsnæði, samþætta heimaþjónustu og stuðningsþjónustu.
- Áætla þarf fjármagn vegna rekstrarkostnaðar þeirra heimila sem um ræðir, einstaklingar sem eru á bið eftir húsnæði hafa allir þjónustu í dag. Það fjármagn getur þá nýst til þjónustu fyrir aðra sem bíða en einstaklingar með miklar þjónustuþarfir eru á biðlistum í dag s.s. eftir stuðningsþjónustu .
- Fjöldi umsókna um sértæk húsnæðisúrræði í febrúar 2014 eru *161 en núverandi fjöldi rýma eru 328*. Þá er áréttað að Velferðarsvið telur að mikilvægt sé að koma á móts við þarfir fólks sem sýnt er að geta ekki nýtt sér almennt þjónustuúrræði . Einstaklingar með minni þjónustuþarfir geta í mörgum tilvikum nýtt sér almennt húsnæði með samþættri félagslegri heimaþjónustu og stuðningsþjónustu

og er það í anda hugmyndafræði um sjálfstætt líf. Almenn húsnæðisuppbygging á tveggja herbergja íbúðum í almennu fjölbýli á að geta nýst fótluðu fólki með minna sértækar þjónustuparfir.

- Velferðarsvið hefur unnið að langtímagreiningu um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk m.a. í tengslum við endurmat Sambands íslenskra sveitarfélaga á yfirfærslu málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga. Langtímaáætlunum sveitarfélaga er ætlað að taka mið af því hvernig unnt er að leggja niður öll herbergjasambýli sem og að koma á móts við þarfir allra á biðlistum. Meðfylgjandi tillaga að áfangaskiptri áætlun tekur fyrst og fremst mið af *mjög sértækum og umfangsmiklum þjónustupörfum fatlaðs fólks* m.a. með tilliti til hönnunar húsnæðis s.s. á hljóðeinangrun, sérstyrkingu fyrir glugga, sjúkraböð o.s.frv.
- Það er mat sérfræðinga að nauðsynlegt sé að koma á móts við þjónustuparfir umrædds notendahóps í sértækum húsnæðisúrræðum í sérhönnuðu húsnæði frá upphafi, heldur en í almennu íbúðarhúsnæði. Veitt verður einstaklingsmiðuð þjónusta þar sem áhersla verður lögð á að þjónustan geti verið heildstæð og sveigjanleg fyrir íbúa eins og unnt er. Tillagan tekur mið af því að tryggja sem bestu hönnun á húsnæði á hverjum tíma með tilliti til mjög sérhæfðra þarfa, sérþjálfað starfsfólk og halda rekstrarkostnaði sem mest innan þess fjárramma sem þjónustumat ríkisins og fjármagn gera ráð fyrir.

Áfangaskipt húsnæðisáætlun til næstu þriggja ára

Umrædd tillaga nær eingöngu yfir notendahóp sem þarf sérhannað húsnæði auk heimilis fyrir börn.

Mynd 1

Tegund húsnæðisúrræðis	Þjónustuþyngdarstuðull ¹	Fjöldi einst.	Tegund fötlunar	Áætlaður rek.kostn.	Staðsetning	Áætlað að þjónusta hefjist
Íbúðarkjarni	3	5	Einhverfa Hegðunar-erfiðleikar	121 ² mkr.	Þorláksgesli	sept 2015
Íbúðarkjarni	2	6	Einhverfa Hegðunar-erfiðleikar	64,9 mkr.	Einholt (Njálsgata)	2016 (mars 2013) ³
Íbúðakjarni	3	6	Líkamleg umönnun fjölfatlanir	104,6 mkr.	Kambavað	sept 2015
Íbúðakjarni	3	6	Líkamleg umönnun fjölfatlanir	104,6 mkr.	Austurbrún	janúar 2016
Íbúð í nágrenni við Móvað fyrir börn samtala	x ⁴	5	Einhverf börn Hegðunar-erfiðleikar	125,5 mkr.	Leiguhúsnæði á þjónustusvæði ÞÁG	mars 2014
		28		520,6 mkr.		

¹ Velferðarsvið hefur flokkað sértæk húsnæðisúrræði eftir þjónustubörfum notenda í 3 flokka og hefur því hvert heimili tiltekin þjónustubýngdarstuðull m.a. út frá ákvæðum reglugerðar 1054/2010 um heildrænt mat (SIS mat) á þjónustubarfir notenda. Þjónustubýngdarstuðull nr. 3 er umönnunarþyngstur.

² Áætlaður rekstrarkostnaður er hærri en meðal rekstrarkostnaður innan 3 þyngdarflokks vegna sérstöðu umrædds heimilis og tekur mið af rekstrarkostnaði sambærilegs heimilis sem Velferðarsvið veitir þegar þjónustu við.

³ Starfsemi þessa íbúðarkjarna hófst í mars 2013 í bráðabirgðahúsnæði að Njálsgötu.

⁴ Rekstur heimila fyrir börn fellur utan flokkun Velferðarsviðs og tekur mið af rekstri sambærilegs heimilis fyrir börn sem Velferðarsvið veitir þegar þjónustu við

Áætlanir um þjónustu taka mið af því hversu lengi er verið að undirbúa húsnæði eða um 18 til 24 mánuði og gert er ráð fyrir að framkvæmdir við húsbyggingu hefjist fljótlega eftir að ákvörðun liggur fyrir.

Þeir einstaklingar sem metnir eru í þörf fyrir sértæk húsnæðisúrræð skv. þjónustuþyngdarstuðlum nr. 2 og nr. 3 eru flestir með umtalsverða þjónustu í dag frá sviðinu s.s. liðveislu, frekari liðveislu, félagslega heimþjónustu, dagþjónustu, skammtímavistun auk sérfræðingsþjónustu um ráðgjöf og stuðning. Sem dæmi má nefna að kostnaður sem féll niður hjá fimm þjónustuþungum einstaklingum sem fengu NPA samning var að meðaltali 13,7 mkr. hjá hverjum einstaklingi. Einstaklingarnir voru áður með beingreiðslusamning en enginn þeirra var í sértæku búsetuúrræði.

Samkvæmt ákvæði 11 gr. reglugerðar nr. 1054/2010, þá þarf þjónustuaðili að greiða aukarými eða annan kostnað sem skapast vegna aukinna þarfa sakir fötlunar í sértækum húsnæðisúrræðum.

Íbúðarkjarni fyrir einhverfa með hegðunarerfiðleika Þorlaksgeisli:

Um er að ræða íbúðarkjarna fyrir fimm einstaklinga með einhverfu og alvarlega hegðunarerfiðleika. Þessir einstaklingar hafa metna þjónustuþörf í þriðja þyngdarflokki samkvæmt flokkun Velferðarsviðs. Sú þjónustuþörf samræmist flokki 11 til 15 í SIS mati ríkisins. Kostnaðaráætlun byggir fyrst og fremst á áætluðum rekstrarkostnaði vegna þjónustu út frá þjónustuþyngdarflokki kjarnans þar sem meðal kostnaður á einstakling er metin 16.2 m.kr. á ársgrundvelli. Áætlaður rekstrarkostnaður er hærri eða 24,2 m.kr. sem skýrist meðal annars vegna sérstöðu umrædds heimilis ásmat öðrum greiðslum eins og húsaleigukostnað. Húsaleigukostnaður sem skilgreindur er vegna fötlunar og starfsmannaaðstöðu/sameiginlegs rýmis var að auki bætt við áætlaðan rekstrarkostnað íbúðarkjarnans og er gert ráð fyrir því að leiguverð starfsmannaaðstöðu verði 7,62% af byggingarkostnaði.

Hver íbúi leigir einungis sína íbúð og greiðir leigu í samræmi við ákvæði reglugerðar 1054/2010. Dæmi um leiguverð er að finna í sérstökum kafla um leiguverð á bls. 6.

Íbúðarkjarni fyrir einhverfa með hegðunarerfiðleika Einholt:

Um er að ræða íbúðarkjarna fyrir sex einstaklinga með einhverfu og alvarlega hegðunarerfiðleika. Þessir einstaklingar hafa metna þjónustuþörf í öðrum þyngdarflokki samkvæmt flokkun Velferðarsviðs. Sú þjónustuþörf samræmist flokki 6 til 10 í SIS mati ríkisins. Kostnaðaráætlun byggir fyrst og fremst á áætluðum rekstrarkostnaði vegna þjónustu út frá þjónustuþyngdarflokki kjarnans þar sem meðal kostnaður á einstakling er metin 10.3 m.kr. á ársgrundvelli. Til viðbótar er húsaleigukostnaður sem skilgreindur er vegna fötlunar og starfsmannaaðstöðu/sameiginlegs rýmis var að auki bætt við áætlaðan rekstrarkostnað íbúðarkjarnans og er gert ráð fyrir því að leiguverð starfsmannarýmis verði 7,62% af byggingarkostnaði.

Hver íbúi leigir einungis sína íbúð og greiðir leigu í samræmi við ákvæði reglugerðar 1054/2010. Dæmi um leiguverð er að finna í sérstökum kafla um leiguverð á bls. 6.

Íbúðarkjarni fyrir fjölfatlaða að Kambavaði:

Um er að ræða íbúðarkjarna fyrir sex fjölfatlaða einstaklinga með miklar umönnunarþarfir. Þessir einstaklingar hafa metna þjónustuþörf í þriðja þyngdarflokki samkvæmt flokkun Velferðarsviðs. Sú þjónustuþörf samræmist flokki 11 til 15 í SIS mati ríkisins. Kostnaðaráætlun byggir fyrst og fremst á áætluðum rekstrarkostnaði vegna þjónustu út frá þjónustuþyngdarflokki kjarnans þar sem meðal kostnaður á einstakling er metin 16.2 m.kr. á ársgrundvelli. Til viðbótar er húsaleigukostnaður sem skilgreindur er vegna fötlunar og stoðrýmis/sameiginlegs rýmis var að auki bætt við áætlaðan rekstrarkostnað íbúðarkjarnans og er gert ráð fyrir því að leiguverð starfsmannarýmis verði 7,62% af

byggingarkostnaði. Áætlað leiguverð stoðrýmis⁵ á mánuði er kr. 280.000 ásamt áætlað leiguverð sameiginlegs rýmis⁶ á mánuði kr. 350.000 eða samtals kr.7.560.00 á ári .

Íbúðarkjarni fyrir fjölfatlaða með líkamlega umönnunarþarfir Austurbrún:

Um er að ræða íbúðarkjarna fyrir sex fjölfatlaða einstaklinga með miklar umönnunarþarfir. Þessir einstaklingar hafa metna þjónustuþörf í þriðja þyngdarflokki samkvæmt flokkun Velferðarsviðs. Sú þjónustuþörf samræmist flokki 11 til 15 í SIS mati ríkisins. Kostnaðaráætlun byggir fyrst og fremst á áætluðum rekstrarkostnaði vegna þjónustu út frá þjónustuþyngdarflokki kjarnans þar sem meðal kostnaður á einstakling er metin 16.2 m. kr. á ársgrundvelli. Til viðbótar er húsaleigukostnaður sem skilgreindur er vegna fötlunar og stoðrýmis/sameiginlegs rýmis var að auki bætt við áætlaðan rekstarkostnað íbúðarkjarnans og er gert ráð fyrir því að leiguverð starfsmannarýmis verði 7,62% af byggingarkostnaði. Áætlað leiguverð stoðrýmis á mánuði er kr. 280.000 ásamt áætlað leiguverð sameiginlegs rýmis á mánuði kr. 350.00 eða samtals kr.7.560.00 á ári.

Heimili fyrir fötluð börn með mikla hegðunarerfiðleika.

Um er að ræða heimili sem verður deild frá Móvaði sem þarf að vera í einbýlishúsi á einni hæð með fimm svefnherbergjum svo unnt sé að veita 5 börnum sólarhringsþjónustu. Börnin munu eiga lögheimili hjá forsjáraðilum, en búa á heimilinu, sækja skóla og aðra þjónustu eins og önnur börn sem búa í heimahúsum. Um er að ræða börn með einhverfugreiningu, þroskahömlun og hegðunarerfiðleika auk fleiri fötlunargreininga sem þurfa mikla og sértæka þjónustu. Þjónustuþarfir þeirra samræmast SIS mati í flokki 11 – 15 fyrir fullorðna eða umönnunarflokki I – II skv. umönnunarmati Tryggingastofnunar ríkisins fyrir börn.

Heildarkostnaður við rekstur heimilisins á ársgrundvelli er áætlaður kr. 125.5 m.kr. og kostnaður fyrir hvert rými því 25.1 m.kr. á ári (sjá nánar fylgiskjal nr. 2, bls. 9).

Um er að ræða börn með samsettar flóknar fatlanir sem krefjast umfangsmikillar aðgæslu og umönnunar allan sólarhringinn auk þess sem hegðunarvandi þeirra verður flóknari eftir því sem þau eldast. Í sumum tilvikum geta foreldrar ekki sinnt því hlutverki þrátt fyrir umfangsmikla þjónustu inn á heimili. Leitað var eftir því hvort fullkannað væri að forsjáraðilar hefðu verið upplýstir um aðra mögulega þjónustu inn á heimili umræddra barna. Skv. upplýsingum frá félagsráðgjöfum viðkomandi fjölskyldna á þjónustumiðstöðvum kom fram í samtölum við foreldra/forráðamanna umræddra barna að fullreynt er að önnur þjónusta svarar ekki þeirri þjónustuþörf sem er fyrir hendi. Því ákváðu foreldrarnir/ forráðamenn að sækja um vistun utan heimilis þar sem það myndi þjóna hagsmunum viðkomandi barna best. *Þetta er því niðurstaða samráðs og mats á þörf fyrir stuðning í samráði við umsækjanda eða aðstandenda skv. 4.gr. reglugerðar nr. 1054/2010⁷.*

Fjármögnun uppbyggingar

Í framlögum jöfnunarsjóðs hefur verið gert ráð fyrir lítilsháttar framlögum í uppbyggingu á sértækum húsnæðisúrræðum fyrir fatlað fólk. Fjármagn sem ætlað var til uppbyggingar á árunum 2011 - 2013 hefur einungis að hluta skilað sér í uppbyggingu þar sem gera hefur þurft breytingar á hluta þeirra úrræða sem voru órekstrarhæf s.s. herbergjasambýlið að Trönuhólum en því var breytt í íbúðasambýli

⁵ Stoðrými er skilgreint sem aðstaða vegna hjálpartækja, sjúkrabað, þvottaaðstaða

⁶ Sameiginlegt rými er skilgreint sem stofa, eldhús

⁷ Sjá skýrslu nefndar um samhæfða þjónustu við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir. Nóvember 2013 – Velferðarráðuneytið.

sem hækkar rekstrarkostnað umtalsvert. Núverandi þjónusta við fatlað fólk hefur verið vanfjármögnuð og því hefur ekki verið rými til frekari aukningar. Viðbótarfjárför er frá og með árinu 2014 til að mæta áætluðum rekstrarkostnaði á nýjum úrræðum. Velferðarsvið hefur fundað reglulega og skilað upplýsingum til Jöfnunarsjóðs um stöðu umsókna á biðlista eftir sértækum húsnæðisúrræðum og þjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks. Við skiptingu fjármagns á milli þjónustusvæða reiknar Jöfnunarsjóður sveitarfélaga inn húsnæðisframlag fyrir þá einstaklinga sem eru metnir með SIS flokk fimm eða hærra. Þetta er gert til að gera sveitarfélögum kleift að mæta umframkostnaði sem kemur til vegna mikillar fötlunar og starfsmannaaðstöðu. Af þessu leiðir að samband er á milli þess fjölda sem þarfnast sértæks húsnæðis og þess fjármagns sem dreift er á grundvelli SIS.

Tímaskipt húsnæðisáætlun og rekstrarfjármunir

	Jan- júní 2013	Júlí – des. 2013	Jan- júní 2014	Júlí – des. 2014	Jan- júní 2015	Júlí – des. 2015	Jan- júní 2016	Júlí – des. 2016
Þorláksgesli						sept		
Einholt/Njálsgata	Njálsgata						Einholt	Einholt
Kambavað						sept		
Austurbrún						október		
Heimili börn			mars					
Rek.kostnaður	36,1mkr	36,1mkr	88,8mkr	98,8mkr	98,8mkr.	161,7mkr	260,3mkr	260,3mkr

Mynd 2

Leitað til samstarfsaðila vegna húsbygginga

Fulltrúi Velferðarsviðs leitaði til Proskahjálpar sem m.a. hefur lýst því yfir að þeir séu tilbúnir að koma að húsnæðisbyggingu sem uppfylli ákvæði reglugerðar nr. 1054/2010 þó einungis almenns húsnæðis en ekki sértæks húsnæðis. Þar sem hér er um að ræða mjög sértækt húsnæðisúrræði og hönnun húsnæðis með tilliti til þjónustubarfa og þjónustuþyngdar íbúa þá var ákveðið að leita til aðila sem gætu komið á mótis við þær þarfir. Ennfremur var leitað til Ás styrktarfélags um aðkomu félagsins að húsnæðisbyggingu. Í svörum frá stjórn Ás kemur fram að félagið setji fram kröfur um rekstur á þjónustu ef óskað er eftir aðkomu að húsnæðisuppbyggingu.

Því var ákveðið var að leita til Félagsbústaða. Fulltrúar Félagsbústaða tóku vel í erindi Velferðarsviðs og hófu strax undirbúning með stjórnendum og sérfræðingum Velferðarsviðs. Megin vandinn fólst í að finna lóðir í Reykjavík fyrir fjóra umrædda búsetukjarna. Leitaði því Velferðarsvið eftir stuðningi frá Umhverfis- og skipulagssviði til þess að kortleggja möguleg tækifæri. Eftir umtalsverða athugun og kortlagningu á hugsanlegum lóðum var ákveðið að leggja áherslu á eftirfarandi lóðir:

- **Austurbrún**, lóð í eigu Félagsbústaða. Þar sem sækja þarf um byggingarleyfi til umhverfis og skipulagsráðs.
- **Þorláksgesli**, lóð sem skv. skipulagi var ætluð til byggingar á sértæku húsnæðisúrræði en sækja þarf um breytingar á byggingarreit til umhverfis og skipulagsráðs.
- **Kambavað**, lóð sem skv. skipulagi var ætluð til byggingar á sértæku húsnæðisúrræði en sækja þarf um breytingar á byggingarreit til umhverfis og skipulagsráðs.
- **Einholt**, í dag er hafin undirbúningur að byggingu fjölbýlishúss í Einholti sem sérfræðingar Velferðarsviðs telja að henti vel fyrir sértækt húsnæðisúrræði fyrir einstaklinga með einhverfu og hegðunarerfiðleika með miðlungs miklar þjónustuþarfir (núverandi íbúar í skammtímaúrræði)

að Njálsgötu). Unnt er að koma að hönnun á undirbúningsstigi og taka mið af sértækum þörfum notendahóps. Skv. áætlunum verður húsnæðið hins vegar ekki tilbúið fyrr en á árinu 2016.

Aðrar mögulegar lóðir vegna framtíðaruppbyggingar Velferðarsviðs gætu verið: Bústaðablettur, Vesturberg, Sólheimar og Holtavegi. Sækja þarf um sérstök byggingarleyfi á þessum stöðum sem hentar ekki inn í tímaramma þessarar áætlunar. Hins vegar gætu þær lóðir hentað til framtíðaruppbyggingar frá árinu 2017.

Útfærsla á húsnæði

Félagsbústaðir leituðu strax samstarfs við ASK arkitekta til þess að undirbúa teikningar með tilliti til sértækra þjónustuparfa notenda eftir að þarfagreining á þjónustupörfum með tilliti til húsnæðis var unnin af hálfu sérfræðinga á Velferðarsviði. Þá voru vettvangsferðir skipulagðar til þess að skoða nýjustu sértæku húsnæðisúrræðin og ræddu arkitektar við forstöðumenn og sérfræðinga til þess að kanna megin kosti og galla núverandi húsnæðisúrræða.

Ofangreindar tillögur að húsnæði taka mið af 5 til 6 einstaklingsíbúðum (fer eftir nýtingarmöguleikum lóða) sem mynda kjarna á einni hæð. Þá er auk þess sameiginlegt rými fyrir íbúa og sértilgreint rými fyrir starfsfólk. Skilgreint er stoðrými vegna fötlunar fyrir fjölfatlaða (s.s. hjálparkækjageymsla, sjúkrabað). Almennt yrðu einstaklingsíbúðir 44,8fm² en innan hvers kjarna er mismunandi útfærsla á sameiginlegu rými með tilliti til þjónustuparfa og fötlunar íbúa.

Teikningar voru kynntar og unnar á þeim breytingar eftir rýni með hópi foreldra sem höfðu boðið sig fram á fundi á vegum Þroskahjálpar. Í heildina voru foreldrar ánægðir með teikningar og þá aðstöðu sem kynnt var. Um var að ræða minniháttar athugasemdir. Á þessum tíma lá ekki fyrir kostnaðarmat eða áætlað leiguverð.

Leiguverð húsnæðis

Leiguverð umrædds húsnæðisúrræðis tekur mið af reglugerð nr. 1054/2010 og ákvæðum sveitarfélagsins um félagslegt leiguhúsnæði.

Lögð er fram tillaga um að grunnverð fyrir fatlað fólk með sérstakar þarfir sem þarf að búa í sértæku húsnæði sakir fötlunar verði 94.100 kr. á mánuði bundið vísitölu neysluverðs í jan. 2014 fyrir tveggja herbergja íbúð að stærð 44,8 fm² og að Velferðarsvið greiði mismun húsnæðis sem skapast vegna fötlunar. Grunnur verði endurskoðaður reglulega með tilliti til þróunar byggingarkostnaðar í fjölbýlishúsnæði á vegum Félagsbústaða. Tillagan tekur mið af ákvæðum 11 gr. reglugerðar nr. 1054/2010.

Áætlað leiguverð í búsetukjarna á fm² samkvæmt tillögu er 2.100 kr. sem er áætlað meðal ferðmetraverð á nýbyggðri 2. herb. íbúð í fjölbýli sem Félagsbústaðir byggja. Greiðslubyrði fyrir hvern einstakling yrði 74.400 kr. (með tilliti til almennra húsaleigubóta) eða 50.760 kr. (ef viðkomandi uppfyllir skilyrði fyrir sértækar húsaleigubætur). Greiðsluþátttaka Velferðarsviðs vegna leiguverðs á mánuði fyrir fimm íbúðir og starfsmannaaðstöðu yrði 528.000 kr.

Gert er ráð fyrir að Velferðarsvið þurfi að greiða 29 m.kr. fyrir starfsmannarými og rými vegna sértækrar fötlunar á ári hverju fyrir umrædda 4 búsetukjarna og heimilis fyrir börn. Heildar rekstrarkostnaður fyrir þjónustu og húsnæði er áætlað 520,6 m.kr.

Samantekt

Tillaga um áfangaskipta áætlun er hluti af undirbúningi langtímaáætlunar um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk sem unnið er vegna endurmats á yfirfærslu á þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga. Í dag eru um 160 einstaklingar sem eiga umsókn um sértækt húsnæðisúrræði. Stór hluti af fötluðu fólki getur nýtt sér almennt húsnæði á meðan ákveðinn hluti hefur þörf fyrir húsnæði sem er sérhannað fyrir þjónustuparfir þeirra s.s. hljóðeinangrun, sérstyrkingar, sjúkraböð o.s.frv. Umrædd tillaga nær eingöngu yfir notendahóp með miklar þjónustuparfir sem þarf sérhannað húsnæði auk heimilis fyrir börn.

Tillögur að áfangaskiptri áætlun taka mið af 4 kjörnum og einu heimili fyrir börn. Um er að ræða heimili fyrir 28 einstaklinga, þar af 23 einstaklingsíbúðir fyrir fjölfatlaða með miklar þjónustuparfir og einhverfa með hegðunarerfiðleika þar sem þjónustustig er ýmist hátt eða miðlungs og 5 rými fyrir börn með miklar þjónustuparfir og hegðunarerfiðleika. Tillögurnar taka mið af 5-6 rýmum í hverri þjónustueiningu til þess að unnt verði að koma á mótis við sem flestar þarfir fatlaðs fólks, bæði með tilliti til hversu erfitt er að finna staðsetningu fyrir sértæk húsnæðisúrræði en einnig fjármagnsnýtingu rekstrarkostnað sértækra þjónustu.

Áætlað leiguverð tekur mið af ákvæðum 11 gr. reglugerðar 1054/2010 þar sem kveðið er á um að þjónustuaðili skuli greiða húsaleigu vegna þarfa fyrir aukin rými sem skapast vegna fötlunar. Vegna sértækra þarfa getur umræddur notendahópur ekki nýtt sér almennt fjölbýlishúsnæði og þarfnast sértæks húsnæðis á einni hæð. Því er gert ráð fyrir að Reykjavíkurborg greiði mismun sem fellur til vegna formgerðar húsnæðis sem skapast vegna fötlunar. Þá er horft til þess að rekstrarkostnaður verði innan viðmiðunarmarka þegar húsnæði er sérhannað með tilliti til þjónustuparfa.

Íbúi mun einungis greiða leigu af sinni íbúð og verðið vera í samræmi við meðalverð í nýbyggðum húsum Félagsbústaða.

Fylgiskjal nr. 1 bókanir í borgarráði og velferðarráði

➤ **VELFERÐARRÁÐ 7. febrúar 2013**

Lagt fram minnisblað Velferðarsviðs um lausn á bráðavanda í málefnum fatlaðs fólks varðandi búsetu.

Sviðsstjóri og skrifstofustjóri velferðarmála gerðu grein fyrir málinu.

➤ **BORGARRÁÐ 28. febrúar 2013**

Lögð fram svohljóðandi tillaga staðgengils borgarstjóra, dags. 27. febrúar 2013:

Borgarráð felur Velferðarsviði að gera tillögu að áfangaskiptri áætlun um uppbyggingu búsetuúrræða, eftir atvikum í samvinnu við Félagsbústaði hf. eða skrifstofu eigna og atvinnuþróunar. Hún byggir á fyrirliggjandi greiningu og forgangsröðun í samræmi við brýnustu þarfir. Hverjum áfanga/heimili fylgi greinargerð um fjármögnun og framtíðarrekstrarkostnað. Jafnframt taki Velferðarsvið upp viðræður um hlutdeild borgarinnar úr Jöfnunarsjóði, m.a. til að standa straum af viðkomandi úrræðum. Þessar viðræður eru nauðsynlegar þar sem ljóst er að uppbyggingarhraði búsetuúrræða skv. tillögum sviðsins er háður þróun útsvars og greiðslu úr Jöfnunarsjóði.

Jafnframt lagt fram minnisblað velferðarsviðs, dags. 27. febrúar 2013.

Samþykkt.

➤ **VELFERÐARRÁÐ 28. febrúar 2013**

Lögð fram tillaga, samþykkt í borgarráði í dag, um búsetuúrræði í þjónustu við fatlaða íbúa borgarinnar ásamt minnisblaði Velferðarsviðs.

Sviðsstjóri Velferðarsviðs gerði grein fyrir málinu.

➤ **VELFERÐARRÁÐ 21.mars 2013**

Lagt fram minnisblað um uppbyggingu sértækra búsetuúrræða fatlaðs fólks.

Sviðsstjóri gerði grein fyrir málinu.

Bókun velferðarráðs:

Velferðarráð ítrekar mikilvægi þess að sem fyrst liggi fyrir áfangaskipt tillaga Velferðarsvið um markvissa uppbyggingu húsnæðisúrræða fyrir fatlað fólk, þó svo samhliða verði unnið að þróun þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum, svo ekki þurfi sértæk búsetuúrræði. Fatlað fólk á eins og aðrir að hafa val um búsetu og búa í allskonar húsnæði, í leigu, eigin húsnæði, með öðrum og einir.

Nú er verið að vinna að opnun tveggja nýrra búsetuúrræða sem eru tímabundin neyðarúrræði á meðan á byggingu framtíðarheimila stendur. Mikilvægt er að fólk festist ekki í tímabundnum úrræðum og að í áfangaskiptri áætlun Velferðarsviðs sem unnin er nú, verði gert ráð fyrir því að forgangsverkefni verði að að koma fólki úr tímabundnum úrræðum. Þá er eitt heimili ætlað allt að 7 manns vegna þess að um neyðarúrræði er að ræða en horft verður til þess að reyna að hafa ekki fleiri en 6 einstaklinga saman.

Fylgiskjal nr. 2 heimili fyrir fötluð börn með mikla hegðunarerfiðleika

Forsaga

Eftir yfirfærslu málefna fatlaðs fólks 01.01.2011 veitir Velferðarsvið þjónustu fyrir fötluð börn sem ekki geta dvalið á eigin heimili sakir fötlunar og hafa þörf fyrir sértæka þjónustu. Þessi þjónusta er veitt á heimilinu í Móvaði sem er eina heimilið í Reykjavík sem er ætlað fötluðum börnum. Þar búa eingöngu fjölfötluð börn.

Það er mat sérfræðinga og aðstandenda að ekki sé unnt að hafa fjölfötluð börn og börn með aðra fötlun auk mikilla hegðunarerfiðleika á sama heimili, sakir mjög ólíkra þjónustuparfa.

Á fundi velferðarráðs þann 7. febrúar sl. var lagt fram minnisblað með tillögum um fjölgun sértækra húsnæðisúrræða fyrir fatlað fólk til þess að mæta bráðavanda, þar með talið heimili fyrir börn. Á fundi velferðarráðs 21.mars 2013 var jafnframt lagt fram minnisblað um uppbyggingu sértækra húsnæðisúrræða fyrir fatlað fólk þar með talið heimili fyrir börn.

Vegna brýnna þarfa á þjónustu við fötluð börn á þeim tíma, var gert ráð fyrir að heimilið myndi opna á vormánuðum og til að byrja með myndi það mæta bráðþörf á heimili fyrir fjölfötluð börn m.a. á forsendum barnaverndar. Aðstæður breyttust skyndilega þegar pláss losnaði í Móvaði fyrir tvö fjölfötluð börn og því var ekki lengur bráðþörf á að opna heimili fyrir fjölfötluð börn en lögð áhersla á að veita aukna þjónustu inn á heimili annarra umsækjenda sem ekki fengu pláss að sinni.

Upphaflegar áætlanir tóku mið af því að heimilið yrði fyrir fötluð börn með mikla hegðunarerfiðleika. Nú er því á nýjan leik lögð áhersla á að hefja undirbúning samkvæmt upphaflegri áætlun þ.e. að opnað verði heimili fyrir fötluð börn með mikla hegðunarerfiðleika, enda er það staðfest að umræddur notendahópur geti sakir fötlunar ekki dvalið á eigin heimili með samþættri og heildstæðri þjónustu af hendi Reykjavíkurborgar. Það er mat sérfræðinga að þegar fullreynt er að veita þjónustu inn á heimili, viðeigandi úrlausn finnst ekki í formi fósturfjölskyldu, þá verði í undantekningar tilvikum að vera unnt að bjóða þjónustu utan heimilis með það að markmiði að skapa barni og fjölskyldu sem bestar aðstæður.

Markhópur

Markhópurinn eru börn sem sakir fötlunar sinnar þurfa á mikilli og sérhæfðri umönnun/þjónustu að halda. Þörf er á rýmum fyrir 5 fötluð börn yngri en 18 ára með mikla hegðunarerfiðleika. Ekki er til neitt heimili í Reykjavík sem mætir vanda þessara barna. Fjölfötluð börn og fötluð börn með mikla hegðunarerfiðleika hafa mjög ólíkar þjónustuparfir og ekki er hægt að samræma þjónustu við þau á sama heimili. Um er að ræða börn með einhverfugreiningu, þroskahömlun og hegðunarerfiðleika auk fleiri fötlunargreininga sem þurfa

mikla þjónustu. Þjónustuparfir þeirra samræmast SIS mati í flokki 11 – 15⁸ fyrir fullorðna eða umönnunarflokki I – II⁹ skv. umönnunarmati Tryggingastofnunar ríkisins fyrir börn. Þessi börn hafa öll töluverða þjónustu, auk sérskóla eru þau með frístundaþjónustu eftir að skóla lýkur á daginn. Þau eru öll í skammtímavistunum og hafa þjónustu inn á heimili sínu, eru með liðveitendur og tilsjón eða félagslega heimþjónustu, inn á heimili þar sem það á við, sú þjónusta nægir ekki fjölskyldum barnanna og því óska foreldrar eftir að þau komist í framtíðarbúsetu. Sum barnanna eiga samþykka stuðningsþjónustu, sem ekki er hægt að veita vegna þess að starfsfólk hættir ítrekað þar sem um er að ræða svo þjónustubunga einstaklinga og foreldrar treysta sér ekki til að taka nýja aðila inn á heimilið ítrekað og vilja ekki leggja það á barnið. Einnig hefur í sumum tilvikum reynst örðugt að fá stuðningsfjölskyldur til starfa.

Um er að ræða börn með samsettar flóknar fatlanir sem krefjast umfangsmikillar aðgæslu og umönnunar allan sólarhringinn auk þess sem hegðunarvandi þeirra verður flóknari eftir því sem þau eldast. Í sumum tilvikum geta foreldrar ekki sinnt því hlutverki þrátt fyrir umfangsmikla þjónustu inn á heimili. Leitað var eftir því hvort fullkannað væri að forsjáraðilar hefðu verið upplýstir um aðra mögulega þjónustu inn á heimili umræddra barna. Skv. upplýsingum frá félagsráðgjöfum viðkomandi fjölskyldna á þjónustumiðstöðvum kom fram í samtölum við foreldra/forráðamanna umræddra barna að fullreynt er að önnur þjónusta svarar ekki þeirri þjónustubörf sem er fyrir hendi. Því ákváðu foreldrarnir/forráðamenn að sækja um vistun utan heimilis þar sem það myndi þjóna hagsmunum viðkomandi barna best. Þetta er því niðurstaða samráðs og mats á þörf fyrir stuðning í samráði við umsækjanda eða aðstandenda skv. 4.gr. reglugerðar nr. 1054/2010.

Markmið

Markmið þjónustunnar er að veita börnum með fötlun og alvarlega hegðunarerfiðleika örugga þjónustu með búsetu til 18 ára aldurs.

Úthlutun

Úthlutun fer fram samkvæmt verklagi þar að lútandi, umsóknir berast frá þjónustumiðstöð til úthlutunarteymis í úrræði fyrir börn og fjölskyldur sem úthlutar í laus pláss á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga um fötlun og aðstæður.

⁸SIS matið telur á bilinu 1 – 15, þar sem efri flokkarnir eru þjónustubýngstir

⁹ Umönnunarmatsflokkar T.R. vegna barna eru metnir á bilinu I – III þar sem flokkar I. og II. eru þjónustubýngstir

Rekstur og framkvæmd

Heimilið, sem verður deild frá Móvaði, þarf að vera í einbýlishúsi á einni hæð með fimm svefnherbergjum svo unnt sé að veita 5 börnum sólarhringsþjónustu. Börnin munu eiga lögheimili hjá forsjáraðilum, en búa á heimilinu, sækja skóla og aðra þjónustu eins og önnur börn sem búa í heimahúsum.

Kostnaðarmat

Heimili fyrir 5 börn

Eftirfarandi kostnaðarmat vegna heimilis fyrir 5 börn gerir ráð fyrir fagmenntuðum og ófagmenntuðum starfsmönnum í 10,8 stg. sem ganga vaktir, ásamt 1 stg. deildarstjóra eða samtals 11,8 stg. Gert var ráð fyrir sambærilegri mönnum og hjá heimili fyrir börn sem er í rekstri Velferðarsviðs.

Viðmiðunar launaflokkar starfsmanna:

Stöðugildi	stg.	kjarasamn.	Stéttarfélag	Útb.flokkur	Þrep
Deildarstjóri	1,00	621	ÞÍ	170	5
Starfsmaður*	10,80	602	STRV	147	5
Samtals:	11,80				

*Útborgunarflokkur 147-5 er meðaltal af útb.flokki hjá sambærilegum kjarna í rekstri Velferðarsviðs.

Húsaleiga var áætluð 3 mkr. á ársgrundvelli, en húsnæði liggur ekki fyrir. Við útreikning á öðrum rekstarkostnaði var stuðst við rekstur á heimili fyrir fötluð börn sem er í rekstri Velferðarsviðs en vegna ólíkrar þjónustuparfar má áætla að annar rekstarkostnaður verði 25% lægri. Gert er ráð fyrir 8 mkr. í stofnkostnað. Rekstarkostnaður á ársgrundvelli miðað við 5 börn væri 125,5 mkr.

Stofnkostnaður: 8.000.000

Rekstrarkostnaður á ársgrundvelli

Kostnaðar útr. v. Heimilis fyrir 5 börn		%
Laun og lt.gjöld	100.596.126	80,2%
Annar rek.	21.868.175	17,4%
Húsaleiga	3.000.000	2,4%
Samtals	125.464.301	100%

Kostnaður á rými: $125.464.301/5 = \underline{\underline{25.1 \text{ m.kr.}}}$

Í forsendum fjárheimilda 2014 var gert ráð fyrir 122,5 mkr. viðbótarfjármagni í búsetuþjónustu fyrir fatlað fólk. Nýttar verða 72 mkr. til reksturs á nýjum búsetukjarna sem hóf starfsemi á árinu 2013 og 34,6 mkr. til að koma til móts við brýnstu þarfir á heimili fyrir fötluð börn með auknu fjármagni til Móvaðs heimilis fyrir fjölfötluð börn. Óráðstafaðar eftirstöðvar af viðbótarfjármagni 2014 eru 15,9 mkr. sem nýtist upp í nýtt heimili fyrir fötluð börn. Viðbótarfjárförfin á árinu 2014 109,9 mkr. (125,5 mkr. – 15,9 mkr. = 109,9 mkr.) liggur ekki fyrir.

Velferðarráð Reykjavíkur**Seinni umsögn frá Einhverfusamtökunum eftir kynningu á teikningu á Þorlaksgeisla.****Dagsett: 28.mars 2014**

- **Staðsetning** mjög slæm fyrir mikið einhverfa, byggingin nánast ofan í umferðareyju, hávaðamengun sem þessir einstaklingar þola illa, hættuleg umferð í mikilli nálægð og hætta á að íbúi hlaupi út á götu (hringtorg). Er matvöruverslun í göngufæri? Hvað með aðra þjónustu? Það er nauðsynlegt svo þau komist auðveldlega út í búð þegar þau langar til. Fæst þeirra hafa aðgang að bíl.

- **Eldhús** þarf að vera með betra borðplássi en þó má ekki fækka hellum til að bæta aðstöðu. Gera þarf ráð fyrir venjulegri stærð af ísskáp en ekki bara skáp undir borð. Má vera betur afmarkað frá stofu t.d. með því að hafa innréttingu í U, þannig að hún endi í eldhúsborði sem hægt væri að sitja við.

- **Lýsing** þarf að vera þægilegt, ekki fluorljós. Passa líka að lýsing á göngum sé ekki of mikil.

- **Hurðir og gólfefni** Hafa frekar viðarlit á hurðum en plast. Óþægilegur litur á hurðum í Jöklastræti, of sterkur og stofnanalegur, þarf að gera betur og hafa þetta heimilislegra. Venjulegt fólk setur ekki upp svona hurði á heimilum sínum. Spurning að hafa sterkt plastparket á gólfum í stað gólfduks, örugglega sterkara og heimilislegra.

- **Hljóðvist** Gæta þarf að hljóðvist inni í íbúð en einnig að hljóðeinangra vel á milli íbúða og fram á gang. Einhverfir eru mjög viðkvæmir fyrir hljóðum í umhverfi. Velja staðsetningu húsnæði svo að sem minnst umferð sé í næsta nágrenni frá bílum. Setja upp hljóðmön.

- **Reyna að hafa staðsetningu og umhverfi þannig að húsið hrópi ekki á nágretta að þarna sé stofnun.**

Þessir punktar eru viðbót við þá punkta sem þið senduð okkur frá fundinum á þriðjudag og einnig viðbót við þær athugasemdir sem við vorum búin að gera við tillögu um áfangaskipta áætlun um uppbyggingu á sértækum húsnæðisúrræðum.

Með kveðju, Sigrún Birgisdóttir, framkvæmdastjóri Einhverfusamtakanna.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14
150 Reykjavík

SKJALAVER HÖFÐATORGI	
03. MAR. 2014	
Málsnr.	2013020017
Dréttalykill:	25-7



b.t. Stellu Víðisdóttur.

Reykjavík 27. febrúar 2014

Landssamtökin Proskahjálpi þakka fyrir að fá til umsagnar

„Tillögu að áfangaskiptri áætlun um uppbyggingu búsetuúrræða fyrir fatlað fólk“ í Reykjavík.

Samtökin fagna að áætlun um uppbyggingu á slíku húsnæði liggur nú fyrir.

Landssamtökin Proskahjálpi hafa í gegnum árin látið sig miklu varða hvernig sértækt húsnæði ætlað fötluðu fólki er uppbyggt. Bæði hvað varðar fjölda einstaklinga sem búa saman í hverjum kjarna og einnig hvaða einkarými hverjum einstaklingi stendur til boða. Mörg sveitarfélög hafa því leitað til samtakanna við undirbúning framkvæmda með ósk um ábendingar um hvernig slíkt húsnæði væri sem best útbúið. Slíkum beiðnum hefur ávallt verið vel tekið. Húsbyggingasjóður samtakanna hefur einnig tekið þátt í byggingu húsnæðis ætluðu fólki með þroskahömlun og miklar umönnunarþarfir t.d. á Sauðárkróki.

Hvað varðar fyrirhugaða uppbyggingu í Reykjavík var leitað til þriggja mæðra og þær beðnar um að rýna fyrirbyggjandi teikningar. Í skýrslunni er þess látið getið að í heild hafi foreldrar verið ánægðir með teikningar og ábendingar þeirra hafi verið minniháttar. Undirritaður hefur haft samband við umrædda foreldra og hefur komið fram hjá þeim að aðeins hafi verið um einn fund að ræða þar sem þær hafi m.a. komið á framfæri athugasemdam um stærð einkarýmis. Jafnframt hafi það komið fram að þær þekktu ekki til sérþarfa einhverfs fólks og aðeins ein af þremur þekkti til sérþarfa hreyfihamlaðs fatlaðs fólks.

Landssamtökin Proskahjálpi geta ekki gefið umsögn um framkvæmdir sem þau hafa ekki haft neitt tækifæri til að kynna sér. Samtökin draga hinsvegar nokkuð í efa að 44.8m² einkarými sé fullnægjandi sérstaklega fyrir fólk sem býr við hreyfihömlun og hefur miklar umönnunarþarfir. Samtökin hafa reynt að koma því á framfæri í gegnum tíðina að við hönnun íbúða fyrir þann hópa þurfi menn að hafa í huga m.a. að sennilega sé fátt fólk sem dvelji meira á heimilum sínum en slíkir einstaklingar auk þess þurfi að gera ráð fyrir rými bæði vegna starfsmanna svo og ýmissa hjálpartækja sem þurfi að nota inni íbúðinni þó hægt sé að geyma þau annarsstaðar.

Landssamtökin Proskahjálpi vilja benda á að skv. reglugerð nr. 10/56 2010 er hámarksfjöldi íbúa í sérhæfðu húsnæði 4-6. Samtökin hafa alltaf litið svo á að lægri mörk þessa hámarks ættu við þegar þjónustufarir íbúa væru miklar, sérstaklega ætti þetta við um fjölfatlaða einstaklinga og einhverfa.

Reykjavík, 28. febrúar 2014

Umsögn Einhverfusamtakanna vegna „Tillögu að áfangaskiptri áætlun um uppbyggingu á sértaekum húsnæðisúrræðum fyrir fatlað fólk“.

Ánægjulegt er að sjá að bregðast eigi við brýnni húsnæðisþörf einhverfa.

Varðandi hönnun húsnæðis þá langar okkur að vita hvort samráð hafi verið haft við einhverfuráðgjafa? Þær mæður sem rætt var við, hafa þær sérþekkingu á búsetuúrræðum einhverfra? Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér er svo ekki. Æskilegt hefði verið að hafa samráð við Einhverfusamtökin eða Landssamtökin Þroskahjálp því hjá báðum félögum er fólk með mikla reynslu og þekkinu á þörfum einhverfra, bæði varðandi þjónustu og búsetuþörf.

Er húsnæðið hannað með það í huga að tvær flóttaleiðir séu úr hverju rými, þannig að starfsmaður geti komist undan ef honum stafar ógn af íbúa? Þetta er nauðsynlegt til að minnka líkur á þvingun og valdbeitingu. Er hægt að loka fyrir vatn og slökkva á rafmagni eldavélar fyrir utan íbúð í öryggisskyni? Er gert ráð fyrir sér styrkingu á hurðum almennt, innréttingum, tækjum á baðherbergi og í eldhúsi?

Stærð hverrar íbúðar er 44,8fm². Þykir okkur það ansi lítið rými fyrir hvern einstakling hvort sem hann þarf á hjálpartækjum að halda eða ekki. Í reglugerð 1054 frá 2010 um þjónustu við fatlað fólk segir að „íbúðir skulu að jafnaði ekki vera minni en 40-60 fermetrar að stærð“ og teljum við æskilegt að stærðin sé í efra viðmiðinu svo vel fari um einstaklinginn og hann hafi nægt rými fyrir sína persónulegu muni. Eins og staðan er í dag í þjónustu við mikið einhverfa þá verja þeir miklum tíma á sínum heimilum því skortur er á atvinnutækifærum, dagvist og tómsendum. Því er nauðsynlegt að huga að því í hönnun og hafa húsnæðið því rýmra.

Íbúðirnar eru hannaðar fyrir einstaklinga með hegðunarerfiðleika. Því er ekki æskilegt að hafa margar íbúðir saman. Í sömu reglugerð og áður er minnst á, er talað um að íbúðir með sameiginlegu rými skuli ekki vera fleiri en 4-6. Teljum við að þegar um er að ræða einstaklinga með erfiða hegðun, sé æskilegt að miða við lægra viðmiðið til að minnka líkur á árekstrum. Æskilegt væri að byggja upp fleiri úrræði með færri einstaklingum.

Virðingarfyllst
fyrir hönd Einhverfusamtakanna

Sigrún Birgisdóttir
Sigrún Birgisdóttir, framkvæmdastjóri



Umsögn

Til: Borgarstjóra og formanns velferðarráðs

Frá: Fjármálastjóra

Efni: Umsögn um tillögu að áfangaskiptri áætlun um uppbyggingu á sértækum húsnæðisúrræðum fyrir fatlað fólk vegna stöðu umsókna á biðlista

Velferðarsvið hefur óskað eftir umsögn Fjármálaskrifstofu um tillögu að áfangaskiptri áætlun um uppbyggingu á sértækum húsnæðisúrræðum fyrir fatlað fólk vegna stöðu umsókna á biðlista. Tillaga Velferðarsviðs er unnin í framhaldi af eftirfarandi samþykkt borgarráðs frá 27.2.2013:

„Borgarráð felur Velferðarsviði að gera tillögu að áfangaskiptri áætlun um uppbyggingu búsetuúrræða, eftir atvikum í samvinnu við Félagsbústaði hf. eða skrifstofa eigna- og atvinnuþróunar. Hún byggir á fyrirliggjandi greiningu og forgangsröðun í samræmi við brýnustu þarfir. Hverjum áfanga/heimili fylgi greinargerð um fjármögnun og framtíðarrekstrarkostnað.

Jafnframt taki Velferðarsvið upp viðræður um hlutdeild borgarinnar úr Jöfnunarsjóði, m.a. til að standa straum af viðkomandi úrræðum. Þessar viðræður eru nauðsynlegar þar sem ljóst er að uppbyggingarhraði búsetuúrræða skv. tillögum sviðsins er háður þróun útsvars og greiðsla úr Jöfnunarsjóði.“

1. Erindi Velferðarsviðs

Skrifstofa velferðarmála á Velferðarsviði hefur lagt fram tillögu að áfangaskiptri áætlun um uppbyggingu á sértækum húsnæðisúrræðum fyrir fatlað fólk vegna stöðu umsókna á biðlista. Áætlunin tekur mið af því að einstaklingar með miklar og sértækar þjónustuþarfir fái tilboð um búsetu og þjónustu innan búsetukjarna. Um er að ræða 28 einstaklinga, þarf af 5 börn. Áætlaður árlegur rekstrarkostnaður þegar öllum framkvæmdum er lokið er um 520,6 mkr. Allir útreikningar eru á verðlagi janúar mánaðar árið 2014 og munu taka breytingum í samræmi við þróun vísitölu.¹

Um er ræða tvo íbúðarkjarna fyrir einhverfa með hegðunarerfiðleika (1) og (2), tvo íbúðarkjara fyrir fjölfatlaða íbúa sem þurfa líkamlega umönnun (3) og (4) og eitt heimili fyrir börn með mikla hegðunarerfiðleika (5). Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir fyrirliggjandi uppbyggingaráætlun Velferðarsviðs og áætlaðan rekstrarkostnað:

¹ Sbr. tillögu Velferðarsviðs, lögð fyrir fund velferðarráðs 13.2.2014.



Húsnæðisúrræði	Staðsetning	Fjöldi	Þyngdarst.	2013	2014	2015	2016
Íbúðarkjarni (1)	Þorláksgæisli	5	3	0	0	40,3	121
Íbúðarkjarni (2)	Einholt (Njálsgata)	6	2	72,1	72,1	72,1	64,9
Íbúðarkjarni (3)	Kamavað	6	3	0	0	34,9	104,6
Íbúðarkjarni (4)	Austurbrún	6	3	0	0		104,6
Íbúð fyrir börn (5)	Móvað (eða nágrenni)	5		0	112,6	125,5	125,5
Rekstrarkostnaður		28		72,1	184,7	272,8	520,6

Samtals er gert ráð fyrir í tillögu Velferðarsviðs að árleg rekstarútgjöld borgarinnar vegna uppbyggingarinnar aukist um 520,6 mkr þegar þau eru komin til framkvæmda.

2. Stofnframkvæmdir og húsaleiga

Í tillögunni er gert ráð fyrir að Félagsbústaðir (FB) taki að sér að byggja húsnæði fyrir viðkomandi búsetuúrræði. Er þó undan skilið heimilið fyrir börn nærri Móvaði, en fyrir það úrræði er gert ráð fyrir að Eignasjóður taki á leigu íbúðarhúsnæði með fimm herbergjum.

Ekki liggur fyrir í þeim gögnum sem Fjármálaskrifstofa hefur fengið frá Velferðarsviði áætlun um fermetrafjöldu vegna þessarar uppbyggingar, áætlaðan framkvæmdakostnað eða útleiðsla á leiguverði á grundvelli hans. Þó liggur fyrir áætlun Velferðarsviðs um útgjöld vegna húsaleigu, svo sem að leiga fyrir 44,8 fm² íbúð verði 150 þús. kr. á mánuði og leiga fyrir starfsmannaaðstöðu og stoðrymi svári til 7,62% af framkvæmdakostnaði. Ef tekið er mið af þeim upplýsingum sem fyrir liggja um áætlun leiguútgjöld má ætla að **framkvæmdakostnaður geti orðið á bilinu 800 til 900 mkr**. Ekki er unnt m.v. þessarar upplýsingar að áætla framkvæmdakostnað pr. fm² en gera má ráð fyrir að hann sé töluvert hærri en meðalframkvæmdakostnaður FB almennt, þar sem um sérhæft húsnæði er að ræða til að mæta þörfum þeirra sem áætlað er að búi í viðkomandi íbúðum. Þannig gera FB ráð fyrir að húsaleiga pr. íbúð verði 150 þús. kr. á mánuði, sem er talsvert hærri en grunnverð leigu í fjölbýlishúsnæði á vegum FB, þ.e. 94 þús. kr. á mánuði².

Hér skal þó ítrekað að mikil óvissa er um framkvæmdakostnaðinn þar sem kostnaðaráætlun vegna framkvæmdarinnar liggur ekki fyrir til rýningar. Þegar frekari áætlanir liggja fyrir um einstök húsnæðisúrræði er unnt að framkvæma slíka rýningu.

Deild fyrir börn frá Móvaði

Gert er ráð fyrir að Velferðarsvið leigi af þriðja aðila íbúðarhúsnæði fyrir deild fyrir börn nærri Móvaði. Þar er því ekki gert ráð fyrir framkvæmdakostnaði, ef undan er skilinn **stofnkostnaður um 8 mkr** vegna breytinga og/eða nauðsynlegra framkvæmda þegar nýtt húsnæði verður tekið í notkun.

² Vísað er í upplýsingar á bls. 7 í tillögu Velferðarsviðs, lögð fyrir fund velferðarráðs 13.2.2014.



3. Rekstrarútgjöld Velferðarsviðs vegna uppbyggingaráætlunar

Áætlaður árlegur rekstrarkostnaður vegna uppbyggingar á sértækum húsnæðisúrræðum fyrir fatlað fólk er samkvæmt tillögu Velferðarsviðs um 521 mkr. Áætlun sviðsins gerir ráð fyrir að útgjöld skiptist með eftirfarandi hætti milli húsaleigukostnaðar, launakostnaðar og annars rekstrarkostnaðar:

	Þorláks- geisli	Einholt	Kambavað	Austur- brún	Móvað	Samtals
	Einhverfa og hegðunar- erfiðleikar	Einhverfa og hegðunar- erfiðleikar	Líkamleg umönnun og fjölfatlanir	Líkamleg umönnun og fjölfatlanir	Börn: Einhverfa og hegðunar- erfiðleikar	
Fjöldi íbúa	5	6	6	6	5	28
Þyngdarstuðull	3	2	3	3	3	
<i>Fjárhæðir eru í mkr</i>						
Húsaleigukostnaður:						
Starfsmannaibúð	3,2	3,2	0,0	0,0	0,0	6,4
Stoðrymi	0,0	0,0	3,4	3,4	0,0	6,7
Sameiginlegt rými	0,0	0,0	4,2	4,2	0,0	8,4
Húsaleiga					4,0	4,0
Launakostnaður	112,3	58,5	92,9	92,9	101,4	458,0
Annar kostnaður	5,7	3,2	4,2	4,2	20,0	37,4
Samtals kostnaður	121,2	64,9	104,6	104,6	125,5	520,9

Í þessari áætlun hefur ekki verið tekið tillit til viðbótarútgjalda Reykjavíkurborgar vegna niðurgreiðslu á leigugreiðslum vegna fötlunar eða vegna aukinna húsaleigubóta.

Niðurgreiðsla Reykjavíkurborgar á leigugreiðslum íbúa vegna fötlunar

Heildarleiga hvernar íbúðar er áætluð 150 þús kr. á mánuði. Áætlað er að þjónustuþegar greiða um 94 þús. kr. á mánuði en Reykjavíkurborg niðurgreiði mismuninn eða um 56 þús kr. per íbúð á mánuði. Á það við um alla íbúa aðra en þjónustuþega við Móvað en þar greiðir Reykjavíkurborg alla húsaleiguna enda um börn að ræða. **Árleg niðurgreiðsla vegna þessa er áætluð samtals að fjárhæð um 15 mkr.**

Aukning útgjalda vegna húsaleigubóta

Að mati Fjármálaskrifstofu eru áhrif úrræðanna á húsaleigubætur þessi: Samtals er gert ráð fyrir að 28 einstaklingar njóti þeirra úrræða sem um ræðir. Heimilið nærri Móvaði er ætlað börnum sem greiða ekki húsaleigu og eiga ekki rétt á húsaleigubótum. Einstaklingar, sem munu búa í Einholti, eru í dag í skammtímaúrræði við Njálsgötu og þiggja nú þegar húsaleigubætur. Hins vegar má gera ráð fyrir að allir íbúar í Þorláksgeisla, Kambavaði og Austurbrún myndu fá sérstakar og almennar húsaleigubætur sem þeir fá ekki í dag skv. upplýsingum frá Velferðarsviði. Samtals er um að ræða 17 einstaklinga sem myndu fá almennar og sérstakar húsaleigubætur.



Miðað við forsendur Velferðasviðs í tillögu dags. 13.2.2014 er gert ráð fyrir að húsaleigubætur verði 43.340 kr. á einstakling á mánuði eða 9 mkr kr. á ári. Í dag fengi Reykjavíkurborg endurgreiðslu frá Jöfnunarsjóði að hlutfalli 60% vegna sérstakra húsaleigubóta og 64% vegna almennra húsaleigubóta. **Að teknu tilliti til þess er áætlað að nettó aukning árlegra útgjalda vegna almennra húsaleigubóta og sérstakra húsaleigubóta nemi um 3,4 mkr.**

Heildarkostnaður

Árlegur heildarkostnaður Reykjavíkurborgar er að mati Fjármálaskrifstofu um 540 mkr, sbr. eftirfarandi sundurliðun. Er þá ekki tekið tillit til 8 mkr einsskiptis stofnkostnaður vegna deildar fyrir börn nærri Móvaði:

	Porláks- geisli	Einholt	Kambavað	Austur- brún	Móvað	Samtals
Samtals kostnaður	121,2	64,9	104,6	104,6	125,5	520,9
Annar kostnaður:						
Niðurgr. húsaleigu v/fötl.	3,4	4,0	4,0	4,0	0,0	15,4
Húsaleigubætur	1,0	0,0	1,2	1,2	0,0	3,4
Viðbótarkostnaður Rvk borgar	4,3	4,0	5,2	5,2	0,0	18,8
Heildarkostnaður á ári	125,6	68,9	109,9	109,9	125,5	539,7

Áhætta tengd framkvæmdakostnaði

Að auki er rétt að benda á áhættuna af því að framkvæmdakostnaður verði hærri en áætluð útgjöld vegna húsaleigu gefur til kynna. Verði framkvæmdakostnaður hærri eykst niðurgreiðsla Reykjavíkurborgar vegna húsaleigu íbúa, að minnsta kosti hlutfallslega.

Áætlun um 150 þús. kr. heildarleigu hvernar íbúðar er reiknuð sem hlutfall af áætluðum byggingakostnaði. Reynist byggingakostnaður hærri, hækkar kostnaður Reykjavíkurborgar vegna niðurgreiðslunnar. Sé sem dæmi byggingakostnaður 10% hærri en hér er áætlað þá yrði árlegur kostnaður Reykjavíkurborgar vegna niðurgreiðslu húsaleigu allt að 27% hærri eða samtals um 20 mkr (í stað 15 mkr). Verði byggingakostnaður 20% hærri og aðrar forsendur óbreyttar þá yrði niðurgreiðslan allt að 54% hærri eða 24 mkr samtals.

Einingakostnaður og samanburður þyngdarstuðla og rekstrarkostnaðar

Í áætlun sviðsins eru þyngdarstuðlar vegna fötlunar til viðmiðunar, þar sem gera má ráð fyrir ákv. meðalkostnaði pr. einstakling á ári eftir þjónustuþyngd. Ef borin eru saman áætluð útgjöld vegna uppbyggingar búsetuúrræða og meðalútgjöld m.v. þyngdarstuðul er meðalkostnaður á einstakling eftirfarandi:



	Þorlaks- geisli	Einholt	Kambavað	Austur- brún	Móvað
	Einhverfa og hegðunar- erfiðleikar	Einhverfa og hegðunar- erfiðleikar	Líkamleg umönnun og fjölfatlanir	Líkamleg umönnun og fjölfatlanir	Börn: Einhverfa og hegðunar- erfiðleikar
Fjöldi íbúa	5	6	6	6	5
Þyngdarstuðull	3	2	3	3	
<i>Fjárhæðir eru í mkr</i>					
Samanburður við þyngdarstuðul					
Kostnaður pr. íbúa án húsaleigu	23,6	10,3	16,2	16,2	24,3
Þyngdarstuðull pr. íbúa	16,2	10,3	16,2	16,2	
Mismunur	7,4	0,0	0,0	0,0	
Kostnaður pr. íbúa					
Laun	22,5	9,7	15,5	15,5	20,3
Húsaleiga	1,5	1,2	2,1	2,1	0,8
Annar rekstrarkostnaður	1,1	0,5	0,7	0,7	4,0
Kostnaður pr. íbúa alls	25,1	11,5	18,3	18,3	25,1

Taflan sýnir að kostnaður á íbúa í Þorlaksgeisla er um 7,4 mkr umfram kostnað skv. meðalþyngdarstuðli. En ekki er mismunur á þyngdarstuðli og áætluðum útgjöldum Velferðarviðs í úrræðum í Einholti, Kambavaði og Austurbrún. Kostnaðarauka í Þorlaksgeisla má rekja til þess að um er að ræða mjög þjónustupunga einstaklinga. Kostnaður vegna barna í úrræði nærri Móvaði er álíka hár og í Þorlaksgeisla en gert er ráð fyrir að kjarninn verði fyrir mjög þjónustupung börn og kostnaður á hvert barn mikill.

Enn fremur sýnir taflan að samanlagður kostnaður per íbúa er ríflega 25 mkr á ári í Þorlaksgeisla og heimili nærri Móvaði (er þá ekki tekið tillit til stofnkostnaðar í Móvaði), 11,5 mkr á íbúa í Einholti og 18,3 mkr í Kambavaði og Austurbrún.

4. Tækifæri til sparnaður vegna uppbyggingaráætlunar búsetuúrræða

Velferðarvið gerir ekki ráð fyrir að nein tækifæri til sparnaður hljótist af uppbyggingu viðkomandi búsetuúrræða, þar sem gert er ráð fyrir að úrræðið sé til þess að stytta biðlista.

5. Viðbótarútgjöld Reykjavíkurborgar vegna uppbyggingaráætlunar búsetuúrræða

Úrræði sem fyrirhugað er í Einholti (íbúðarkjarna 2) hefur þegar verið hleypt af stokkunum á Njálsgötu og er fjármagnað í fjárhagsáætlun 2014, þannig má gera ráð fyrir að viðbótarútgjöld Reykjavíkurborgar þegar uppbyggingu er lokið verði um 451,5 mkr m.v. árið 2016. Hefur þá verið tekið tillit til viðbótarútgjalda vegna niðurgreiðslu á húsaleigu vegna fötlunar og húsaleigubóta. Auk þess hefur verið tekið tillit til aukinna fjárheimilda Velferðarviðs við rammaúthlutun 2014, sem var



að fjárhæð 122,5 mkr. Þegar hefur verið ráðstafað 34,6 mkr til úrræða í Móvaði sem ekki verða nýtt hér, þannig að til frádráttar koma 87,9 mkr.

Húsnæðisúrræði	Staðsetning	Fjöldi	Þyngdarst.	2013	2014	2015	2016
Íbúðarkjarni (1)	Þorláksgesli	5	3	0	0	40,3	121
Íbúðarkjarni (2)	Einholt (Njálsgata)	6	2	72,1	72,1	72,1	64,9
Íbúðarkjarni (3)	Kamavað	6	3	0	0	34,9	104,6
Íbúðarkjarni (4)	Austurbrún	6	3	0	0		104,6
Íbúð fyrir börn (5)	Móvað (eða nágrenni)	5		0	112,6	125,5	125,5
Rekstrarkostnaður		28		72,1	184,7	272,8	520,6
Önnur útgjöld						9,6	18,8
Stofnkostnaður					8,0		
Þegar í fjárheimildum				-87,9	-87,9	-87,9	-87,9
Viðbótarútgjöld Reykjavíkurborgar m.v. áætlun 2014:				-15,8	104,8	194,5	451,5

6. Samantekt og ábendingar

Samantekið eykst árlegur rekstrarkostnaður Reykjavíkurborgar um 451,5 mkr þegar úrræði hafa að fullu verið tekin í notkun. Árið 2014 eykst rekstrarkostnaður um 104,8 mkr m.v. fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun 2014, árið 2015 um 182,2 mkr og árið 2016 um 451,5 mkr.

Ekki liggja fyrir framkvæmda- eða fjárfestingaáætlanir vegna þeirra úrræða sem hér eru til umfjöllunar. Ef tekið er mið af þeim upplýsingum sem fyrir liggja um áætluð leiguútgjöld má ætla að framkvæmdakostnaður geti orðið á bilinu 800 til 900 mkr. Fjármálaskrifstofa varar við þeirri áhættu að þessi tala geti orðið mun hærri og **mikil óvissa** er um framkvæmdakostnaðinn og þar með útgjöld sviðsins vegna húsaleigukostnaðar. Nauðsynlegt er að rýna þann kostnað vel þegar nákvæmar áætlanir liggja fyrir um einstök húsnæðisúrræði.

Fjármálaskrifstofa leggur ekki mat á útgjöld vegna launakostnaðar eða annars rekstrarkostnaðar, en skv. upplýsingum sviðsins er tekið mið af útgjöldum vegna sambærilegra úrræða sem þegar eru í rekstri.

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á að í fyrirbyggjandi tillögu og greinargerð Velferðarsviðs er ekkert fjallað um þann þátt verkefnisins er varðar viðræður við Jöfnunarsjóð *um hlutdeild borgarinnar úr Jöfnunarsjóði, m.a. til að standa straum af viðkomandi úrræðum. Þessar viðræður eru nauðsynlegar þar sem ljóst er að uppbyggingarhraði búsetuúrræða skv. tillögum sviðsins er háður þróun útsvars og greiðsla úr Jöfnunarsjóði.*

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri

Lagt fyrir velferðarráð 3. apríl 2014

Minnisblað

Vegna: *Tillaga að áfangaskiptri áætlun um uppbyggingu á sértæku húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk*

Í framhaldi af seinni umsögn frá Einhverfusamtökunum eftir kynningu á teikningu á Þorlaksgeisla dagsett 27.mars 2014 þar sem fram kom m.a. „-*Staðsetning mjög slæm fyrir mikið einhverfa, byggingin nánast ofan í umferðareyju, hávaðamengun sem þessir einstaklingar þola illa, hættuleg umferð í mikilli nálægð og hætta á að íbúi hlaupi út á götu (hringtorg)*“ kallaði deildarstjóri húsnæðis og búsetu eftir rýni frá sérfræðingum í málefnum einhverfa sem starfa á Velferðarsviði.

Teikning var rýnd og lóð að Þorlaksgeisla var skoðuð af þeim Katrínu Þórdísi Jacobsen, verkefnastjóra á skrifstofu Velferðarsviðs, Árna Má Björnssyni og Felix Högnasyni. Þeir Árni Már og Felix eru báðir sérfræðingar og stjórná þjónustu fyrir einstaklinga með einhverfu.

Megin niðurstöður þeirra eru eftirfarandi:

1. Ef unnt væri að velja úr mörgum lóðum , þá væri eflaust til hentugri lóð fyrir sértækt húsnæðisúrræði en hornlóð við gatnamót. Gallarnir eru þó ekki það miklir að víkið verði frá áætlunum.
2. Vísað er til þess að við teljum minni umferð við Þorlaksgeisla (a.m.k. ekki meiri) en er í dag hjá Jöklaseli eða Kleppsvegi (sem eru heimili fyrir einhverfa).
3. Það er stutt í gönguleiðir í náttúruna og opin svæði.
4. Horft var til þess að fundin yrði leið til þess að setja „hljóðmúr“ við suðvestur hlið lóðarinnar (grashalla eða eitthvað sambærilegt). Þá var ennfremur lagt til að hafa fleiri bílastæði við suðausturhlið – fyrir starfsmenn.
5. Horft er til þess að fagleg uppbygging og nálgun á þjónustu sé það sem skiptir megin máli.
6. Þá séu íbúðir þannig hannaðar að unnt verði að nýta þær fyrir aðra fatlaða– ef ske kynni að einstaklingur með einhverfu með mjög sértækar þjónustuþarfir gæti ekki nýtt sér umrædda búsetu.